

Menntun, skóli, starfsþróun – þankar um framhaldsskóla



Jón Torfi Jónasson

Það er sjaldan ágreiningur um mikilvægi menntunar – öll samfélög setja skólastarf ofarlega á forgangslista sinn. En öll menntakerfi glíma við ýmsar áskoranir. Í nýlegu erindi lét Andreas Schleicher, stjórnandi PISA, í ljósi áhyggjur af því að skólar víða um heim væru sennilega oft úr takti við margvíslega þróun utan veggja skólans.^[i] Það er ekki einfalt að halda í við umheiminn. Það er mikilvægt að umræða um framhaldsskóla taki mið af því að við nálgumst miðja tuttugustu og fyrstu öld og sé ekki föst í hefðum þeirrar tuttugustu eins og enn brennur við.^[ii]

Framhaldsskólastigið er spennandi skólastig því það er fjölbreytt og gegnir mörgum mikilvægum hlutverkum. Á táningsaldri taka nemendur út mikinn þroska og eiga möguleika á að blómstra persónulega og félagslega. Þeir eru að setjast við stjórnvölinn í sínu eigin lífi með öllum þeim möguleikum og áskorunum sem því fylgja.

Það er því engin spurning að skólastiginu sjálfu fylgja líka miklar áskoranir sem gagnlegt er að skoða og takast á við. Ég vík hér að nokkrum þeirra og þótt ég hafi allt skólastarf í huga beini ég sjónum hér einkum að framhaldsskólunum.

Nemandann í fyrsta sæti

Stærsta áskorunin er sennilega að setja nemandann í fyrsta sæti og minnst þess að málið snýst um að hann njóti sín og sé bæði undirbúinn og reiðubúinn að verða hluti af fjölbreyttu, kviku og samheldnu samfélagi. Nemendur eru fólk, ekki aðeins taflmenn á skákborði

stjórnvalda. Flest eða a.m.k. margt starfsfólk skóla veit þetta vel – en stjórnendur kerfisins og þeir sem standa utan þess verða líka að átta sig á þessu.

Nemendur eru fjölbreyttur hópur sem líka tekur sífelldum breytingum; hann er ekki einsleitur, þótt oft sé þannig talað um hann. Það er misjafnt að hverju nemendur stefna. Líka hvað þeir eru fáanlegir til að leggja á sig án sérstakrar brýningar. Það sem skiptir máli í lífi þeirra utan skólans er líka misjafnt og breytilegt. Í þessum hópi býr mikill kraftur.

Stundum er látið sem þessi aldurshópur átti sig ekki á því hve flókin tilveran sé og ekki sé ástæða til þess að taka sjónarmið hans alvarlega. Stór hluti hans áttar sig á þessu og þau eru öll þess virði að á þau sé hlustað.

Á hinn bóginn er oft látið að því liggja að táningar viti almennt nákvæmlega hvað þeir vilji í framtíðinni, t.d. hvað þeir vilji gera að loknum framhaldsskóla – þeir stefni á tiltekna hillu og ætli að dveljast þar alla tíð. Undir þetta eigi þeir að búa sig. En þetta á hvorki við nú né í framtíðinni og táningarnir vita það.

Þess vegna á það sjaldan við að tiltekinn afmarkaður þekkingargrunnur sé hinn eini rétti undirbúningur fyrir þetta unga fólk. Það á a.m.k. ekki lengur við. Ótrúlega fjölbreytt veganesti getur komið að góðu gagni og fráleitt að einhver tiltekinn skammtur skipti öllu máli. Breið innihaldsrík menntun er örugglega besta veganestið fyrir alla, eins fjölbreytt og hún kann þó að vera. Vitaskuld er mikilvægt að undirbúa sig undir tiltekin störf en það er hægt að gera á fleiri en einn veg, þegar að því kemur og stöðug endurnýjun fagmennsku skiptir síðan sköpum. Það ber að gjalda varhug við málflutningi þröngra stundarhagsmuna þeirra sem vantar starfskraft.

Framtíð og nútíð

Skólinn verður að beina sjónum að bæði nútíð og framtíð nemenda. Ég hef haft áhyggjur af því að skólakerfinu hafi láðst að hugsa til framtíðar og hallast enn að því að þarna megi gera betur. Það er snúið því hlutirnir munu breytast meira en flestir gera sér grein fyrir og einnig öðru vísi en flestum okkar dettur í hug. Þeir sem nú stefna á framhaldsskólanám verða á fljúgandi ferð í hringiðunni á árunum 2040 til 2060 í umhverfi sem verður annað en nú er.

Ég tel að það sé jafn brýnt að beina sjónum að nútíðinni, að þeim flókna heimi sem ungt fólk býr í og þarf að ráða við. Það er vitaskuld álitamál hve fær skólinn sé um margt sem skiptir sennilega flesta mestu máli, t.d. að rækta sterka sjálfsmynd fólks, tillitssemi og mannleg samskipti og skuldbindingu við verkefni. Allt þetta er örugglega mikilvægt veganesti fólks til framtíðar en skiptir líka öllu máli fyrir daginn í dag. Skólinn getur ekki leitt þetta hjá sér og

einblínt á tiltekin þekkingaratriði eða tæknilega hæfni í þágu næsta morgundags eins og aðeins þetta skipti máli.

Nútíminn er flókinn. Snjalltækin eru aðeins ein en þó áhugaverð . Þetta er líka gott dæmi um flókna nýja hlið nútímans en þær hliðar eru og verða margar. Þessi ótrúlega tækni virðist nánast taka yfir líf margra okkar og verða stöðugt ágengari, stjórnsamari og eiginlega óviðráðanlegri. Skólinn getur ekki látið sem alltumlykjandi tækni sé ekki til. Hann er nauðbeygður til þess að vinna með þeim sem eru í skólanum að því að hafa stjórn á henni. Hún nær tökum á okkur eftir sífellt nýjum leiðum og verður samofin lífi okkar; stundum án þess að við fáum neitt við ráðið og þróun hennar er á fljúgandi ferð. Á svipstundu getur hún opnað ótal nýja heima - stundum ferska og næstum frelsandi, stundum þrúgandi, jafnvel kæfandi - þeir eru allir innan seilingar. Samtímis er eins og tæknin ræni okkur nærumhverfi okkar, geri það fjarlæg.

Þrýsting af sama toga finnum við úr mörgum áttum, sumt frábært, annað óæskilegt. Gervigreindin er einn angi af þessu og er þegar orðið eitt af viðfangsefnum nútíðarinnar. Mörgum veitist einmitt erfitt að hafa stjórn á nútíðinni, hún er svo ágeng - og þótt skólinn geti ekki skipt sér af öllu þarf hann að takast á við suma þræði hennar með nemendum sínum. Skólakerfi getur ekki látið sem flækjur nútíðarinnar komi því ekki við og blessunarlega sýna fjölmargir framhaldsskólar margvísleg merki um að þeir séu að takast við áskoranir nútímans með nemendum sínum.

Formið og inntakið

Menntun er kerfisbundin. Vegna þess hve menntun er mikilvæg öllum samfélögum hafa þau byggt upp öflug skólakerfi, sem svipar að mörgu leyti til annarra kerfa með þróuðu regluverki sem snýst um fagmennsku, gagnsæi og jafnræði.

Vandi skólakerfis, eins og flestra kerfa, er að formið tekur sér mikil völd og hætt er við að menntunin, sú hugsun, sem málið átti að snúast um, gleymist, stundum algjörlega. Í sterkum kerfum felst metnaður og eðlilega líka kröfur um að þau skili árangri. Vandinn við skilgreiningu á árangri í menntun er að henni fylgir - eiginlega óvart - að oftast eru þurrkuð út mörg aðalsmerki hennar sem snúast um fágun og menningu. Þetta er vegna þess að skilgreiningin verður að vera gagnsæ og jarðbundin; í hugum sumra helst auðmælanleg. Þegar til mjög langs tíma er litið sýnir skólasagan að skólastofnunum og ekki síður skólakerfum hættir við að innhverfast. Skólastarfið og kerfin verða upptekin af sjálfum sér. Þessu fylgir að því fjær þeir sem eru við kerfisstjórnina eru daglegu starfi skólans, þeim mun meira áberandi verður þetta í afskiptum þeirra. Þetta kann vissulega líka að finnast innan veggja skólanna.

Þannig vill brenna við að heimur menntunar verði heimur skólans.^[iii]

Þessi heimur skólans, þ.e. umgjörðin, vill einmitt ráða ferðinni. Hún er erfið viðfangs því hún ræðst að talsverðu marki af hefðum – í sumum þeirra felst styrkur – aðrar eru til trafala, en ræðst einnig af eðli hvers skóla, jafnvel af faggreinum sem eru kenndar eða öðrum faglegum hlutverkum hverju sinni. Stundum virðist sjónarhornið jafnvel vera þröngt. Þessi hlutverk setja starfinu iðulega of þröngan ramma.

Þetta er að sjálfsögðu heimur bókhalds, regluverks skipulags – og aðhalds. Þar koma til sögunnar fjármagn, launasamningar og aðstaða en einnig stundaskrár og einkunnir. Slíkir ramar fylgja öllum kerfum og stjórnvöld virðast oft búa í þeim þrönga heimi sem mestu ræður. Stundum er hann kallaður excel-heimurinn, sem kann að vilja stytta og einfalda, samræma, straumlínulaga, frekar en mennta og byggja upp fólk. Hann vill skýra ramma frekar en sveigjanleika. Hann heldur að kröfum og metnaði verði aðeins stýrt með einkunnum, mælikvörðum, sem segja lítið – oft ekkert – um margvíslega burði fólks eða mannkosti. Einkunnirnar eru jafnvel notaðar til að flokka fólk og eru dæmi um áhrifavald sem nær að hrifsa til sín völd í menntamálum í of ríkum mæli.^[iv] Þær einfalda vissulega umræðuna og eru fyrir bragðið haldreipi margra. Furðu margra.

Í þessum heimi starfa þeir sem vilja leggja línurnar um framvinduna og vilja samræmi þar sem fjölbreytni skiptir mestu máli. Þarna búa sumir hliðvarðanna. Þar er stundum ruglað saman jafnræði sem skiptir höfuðmáli, og samræmi hins vegar. Þetta er vissulega ekki einfalt mál og hingað til hefur framhaldsskólanum lánast að rata inn á þann gullna meðalveg sem nauðsynlegur er, því nú geta nemendur farið mjög ólíkar leiðir án þess að hliðum sé lokað.

Vitaskuld er rétt að fara vel með opinbert fé. En ef hagræðing leiðir menntakerfi til aukinnar stjórnunar, aukinnar samræmingar og einsleitni þá stefnir í þveröfuga átt við góða, fjölbreytta, nútímalega menntun.

Starfsþróun

Starfsþróun fagstétta vegur í mínum huga engu minna en grunnmenntun þeirra. Smám saman verður hún enn mikilvægari og verður að vera verulegur hluti af faglegu starfi hverrar stofnunar. Viðfangsefni, starfsumhverfi og starfsmenning breytast gríðarlega á hverjum áratug sem líður sem kallar á að býsna margt þarf að hugsa upp á nýtt. Stundum algjörlega upp á nýtt og það verður að gefast tími til þess og fé og kröfur gerðar um að þessu verkefni sé fagmannlega sinnt.^[v] Auk allrar þeirrar endurnýjunar hugmynda og þekkingar sem verður að vera hluti nútíma fagþekkingar. Þannig er þetta verkefni sennilega

mesta áskorun fagstétta nútímans og stofnana þeirra.

Með starfsþróun í huga þarf í framhaldsskólastarfi sífellt að ígrunda

- hlutverk þess og hvernig því verði sinnt á skapandi hátt
- hvernig það geti betur sinnt nútíðinni – sbr. það sem ég vék að fyrr
- hvernig það geti betur ræktað þá menningu sem hugmyndir um menntun bæði að fornu og nýju krefjast
- hvernig ólíkir skólar geti farið ólíkar leiðir – án þess að nokkrum dyrum sé lokað og verði ekki fórnarlömb úreltra hugmynda um samræmingu.

Mér virðist stærsta áskorunin vera sú sem ég nefni hér fyrst, að ígrunda hlutverkið. En það er eins og það verkefni verði alltaf útundan, enda er það vissulega átak að komast upp úr hjólförum hefða starfs og umræðu þótt þau passi hvorki við formlegt hlutverk skólans né kröfur nútímans. Skoðum aðeins aðra grein laga um framhaldsskóla, sem er stundum nefnd tilgangs- eða hlutverkagrein (feitletrun mín).^[vi]

*Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að **alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi** með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Innan framhaldsskóla skal **velferð og farsæld nemenda höfð að leiðarljósi**.*

Framhaldsskólar búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám.

Þeir skulu leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfá þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar.

Framhaldsskólar sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsendur til að sækja sér frekari menntun.

Þetta eru nú lögin og væntanlega helsti vegvísir framhaldsskólastarfsins. Mér finnst lengsta setningin áhugaverðust og þar eru býsna skýr fyrirmæli um menntun og hún á ábyggilega að sýna kjarna skólastarfs. Við ættum að gaumgæfa þennan lagatexta.

Starfsþróun í menntakerfinu kallar á umræðu um hvernig breyttir tímar krefjast endurskoðunar á starfinu svo það sinni vel því sem þarna kemur fram. Fyrst, hvernig best sé að stuðla að *alhliða þroska* en einnig hvernig eigi að undirbúa undir sérhæfð störf og frekari

menntun því það kann stöðugt að breytast. Svo er líka allt hitt sem lögin telja upp og ætti að hafa forgang í umræðu um starf og árangur skólans. Í mínum huga spegla lögin fjölbætt verkefni og fjölbreytta menningu. Mikilvægi þessara krafna mun aukast. Bæði nútíð og framtíð kalla eftir því sem tiltekið er í lögnum og kalla líka eftir sterkri sjálfsmynd, aga, seiglu, heilindum, samvinnu og skyldum mannkostum nemendanna. Ígrundun eða gagnrýnin hugsun skiptir máli sem aldrei fyrr – og það er eins og annað sem hér er upp talið, eitthvað sem maður temur sér frekar en lærir. Stór hluti menntunar er einmitt af menningarlegum toga. Það kallar vissulega á úthugsaða starfsþróun hvers skóla sem endurnýjar stöðugt faglega dómgreind starfsfólksins og mótar þá menningu sem skólastarf á að snúast um.

Gott skólastarf hvílir á sterkri liðsheild, öflugum fagfólki með ólíkan bakgrunn og ólík en skyld verkefni. Starfsfólkið myndar þannig eina starfsheild þar sem fagmennskan birtist gagnvart annarri heild, nemendum, og skiptir hún auðvitað jafn miklu máli. Báðir hóparnir eiga því aðild að mótun starfsins; af þessum sjónarhóli snýst starfið um samstillta hópa og menningu samfélags og af því ætti öflug starfsþróun að taka mið. Þróun starfsmenningar verður aðalatriði.

Jafnframt er skólastarf að nokkru marki starf einstaklinga, fagfólks í kennslu og ráðgjöf, sem miðlar í sífellu af fagmennsku sinni í því menningarumhverfi sem skólinn skapar; hætt er við að framtak hvers og eins missi marks sé menning skólans hverju sinni ekki virt. Eins snýst skólastarf um að hver nemandi axli ábyrgð á og sé virkur í menntun sinni. Þannig reiða báðir hóparnir sig á fagmennsku og menningu hvers og eins í hinum hópnum. Þróun fagmennsku, einnig nemendanna verður því líka mikilvægt atriði.

Starfsþróun verður að virða þessar tvær ólíku hliðar starfsins. Annars vegar þróun þeirra heilsteypu menningarþátta sem menntunin krefst og stefna hvers skóla setur í forgang. Skólinn ber talsverða ábyrgð á því að hver nemandi verði virkur borgari samfélags en ekki aðeins þegn þess, sbr. kröfu laganna um virka þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Það er snúið verkefni og það er eins og að þeir sem vilja stýra skólakerfinu leiði þetta hjá sér. Samstilling fagfólks verður að gerast á vettvangi starfsins, í hverjum skóla. Þar verður jafnframt að beina sjónum að sífelldri þróun sérhæfðrar hæfni hvers fagmanns sem hann og skólinn telur skipta máli fyrir nemendur.

Niðurlag

Í umræðu um skólastarf tel ég síðan tilefni til að áréttta þrennt. Í fyrsta lagi að hvert skólastig eigi að einbeita sér að því að sinna sínu hlutverki. Ekkert skólastig á að vera upptekið af sérhæfðum tæknilegum kröfum næsta skólastigs á eftir – það getur sjálft séð um að sinna þeim. Þvert á móti ætti hvert skólastig að einbeita sér að því að gera það vel sem

Því er beinlínis falið. Það skapar einmitt besta undirbúninginn, hvort heldur er undir persónulegt líf, samfélag, skóla eða starf, undir bæði nútíð og framtíð. Slíkur undirbúningur getur verið ótrúlega fjölbreyttur. Af þeirri fjölbreytni ættu framhaldsskólar að vera uppteknir í framboði, skipulagi og verklagi. Lögbundin krafa til framhaldsskóla er vissulega að undirbúa „undir frekara nám“ og tryggja að nemendur „hafi forsendur til að sækja sér frekari menntun“. Þessi grunnur er örugglega best lagður með breiðum almennum undirbúningi og rækt við menningu símenntunar, því það sem þarna er beðið um horfir til lífshlaups hvers og eins. ^[viii]

Í öðru lagi tel ég brýnt að áréttu að menntastofnun er annars eðlis en aðrar opinberar stofnanir og þetta skiptir því meira máli sem ofar kemur í skólakerfinu. Þar á ég við að lykilkrafa um jafnræði og gagnsæi kallar ekki á samræmi, sem á við í mörgum öðrum opinberum rekstri. Til þess að sinna krefjandi menntunarhlutverki sínu verða framhaldsskólar að sýna síkvika fjölbreytni, fara ólíkar leiðir innbyrðis, laga sig að ólíkum aðstæðum, vegna þess að verkefni eru margvísleg og þeir eiga að búa við faglegt traust til þess að sinna hlutverki sínu. Þeir eiga að vera ólíkir – eiginlega enginn eins.

Í þriðja lagi verður umræðan um faglegt traust að vera í forgangi, þ.e. fagfólk skólanna verður að njóta trausts svipað og gildir um fjölmargar aðrar fagstéttir. Það mætti spyrja hver sé stærsta áskorun stjórnvalda hvað snertir kröfuna um þróun skólakerfisins? Snýst hún um peninga? Þeir skipta vissulega alltaf máli. Nei, stærsta áskorunin er að efla, virkja og treysta starfsfólki skólanna; þeim mikla fjölda öflugss fagfólks, sem hefur fjölbættan bakgrunn og margvísleg verkefni. Stjórnvöld eiga að undirstrika kröfuna um fagmennsku og fjölbreytni og virka starfsþróun og sýna traust sitt, einkum með því að veita skýrt umboð til verksins. Allir sem tengjast skólunum verða að hafa hugfast hve fjölbætt hlutverk þeirra eru. Þeir verða líka að muna hve margar ólíkar leiðir eru til að sinna þeim vel og virða hve öflugur hópur, fagfólk framhaldsskóla, hefur tekið það að sér. Jafnframt verður að tryggja að óþarflega þröngsýn kerfismennska taki ekki til sín öll völd og búi til kerfi sem skerðir verkefnið, frumkvæðið og gróskuna. En það er vandi jafnvel góðra kerfa.

Menntun er í eðli sínu flókið og krefjandi verkefni en jafnframt einstaklega lifandi, skemmtilegt og gefandi. Megi þetta einkenna hana sem lengst fyrir bæði nemendur og fagfólkið.



Heimildir

Andreas Schleicher. (2025, júní). From school as the world to the world as the school. Erindi flutt í erindaröð Menntavísindasviðs HÍ í samstarfi við Miðstöð menntunar og þjónustu.. Ég byggi á tölvugerðum texta af erindi hans - mikilvægt að hafa það í huga. Sjá upptöku <https://vimeo.com/1090493514>

Bogi Th. Melsteð. (1888). Um menningarskóla eða um „lærða skólann“ í Reykjavík og samband hinna lægri skóla við hann. Kaupmannahöfn: Nokkrir Íslendingar. http://baekur.is/is/bok/000047331/0/44/Um_menningarskola_eda_um

Jón Torfi Jónasson. (1999). *Lýðháskólar á Íslandi í byrjun 20. aldar*. Í Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Kristín Indriðadóttir og Ólafur Proppé (ritstj.), Steinar í vörðu, til heiðurs Þuríði J. Kristjánsdóttur sjötugri (bls. 107-129). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Jón Torfi Jónasson. (2025). *Virðing fyrir gögnum - og vandinn við að nota þau í skólastarfi*. Í Andri Steinþór Björnsson, Árni Kristjánsson, Heiða María Sigurðardóttir og Urður Njarðvík (ritstjórar), *Yfirkennarinn: Afmælisrit til heiðurs Sigurði J. Grétarssyni prófessor* (bls. 137-170). Háskólaútgáfan.

Pasi Sahlberg (2012). Grein í Washington Post. <https://pasisahlberg.com/text-test/>

Pétur Pétursson. (1850). Ræða við [fyrstu] setningu Prestaskólans, í október 1847. Árrit Prestaskólans, 1850, bls. 15-27; <https://timarit.is/page/2035092?iabr=on#page/n23/mode/2up>

Aftanmálgreinar

^[i] Ég byggi á tölvugerðum texta af erindi hans – mikilvægt að hafa það í huga. Sjá upptöku <https://vimeo.com/1090493514>

^[ii] Vitaskuld eru margar gamlar, jafnvel fornar hugmyndir góðar. Ég er sannfærður um að ef umræða um grísku eða latínukennslu snerist um gríska eða rómverska heimspeki og aðra menningu, t.d. í íslenskri þýðingu, liti dæmið allt öðru vísi út.

^[iii] Yfir þess hafa ótal menntafrömuðir kvartað, svo sem Sókrates, Aristóteles, Seneca (kannski skýrast, sem kallaði síðar fram ótrúlega andstæður), Bogi Melsted (1888) í ritgerð sinni um menningarskólann 1888, lýðháskólamenn í byrjun 20. Aldar (sjá Jón Torfi Jónasson, 1999), Pasi Sahlberg (2012), Andreas Schleicher (2024) nú á seinni tíð, en miklu, miklu fleiri.

^[iv] Jón Torfi Jónasson. (2025).

[v] Kennarastéttinni hefur vissulega tekist að þoka kjarasamningum sínum í þessa átt.

^[vi] <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008092.html>

^[vii] Á löngum starfsferli í háskóla hef ég kynnst vel því sjónarmiði að framhaldsskólar ættu að kenna það efni sem tilteknar háskólagreinar kenndu svo áfram. En í þessu felst þrálátur misskilningur sem mér finnst Pétur Pétursson, nýskipaður forstöðumaður Prestaskólans, ætti að hafa leiðrétt þegar árið 1847, þá er hann sagði við nýinnritaða guðfræðinema um hlutverk hins fyrri skóla, lærða skólann: ... er nú búinn að ljúka ætlunarverki sínu hjá yður; hann er búinn að styrkja og stæla sálarkrafta yðar, laga og liðka huga yðar, svo þér getið nú snúið honum í ýmsar áttir og velt fyrir yður á ýmsa vegu sérhverju umhugsunarefni og því á yður nú að veita létt að ganga guðfræðis veginn ... (bls. 25).

Um höfund

Jón Torfi Jónasson (jtj(hja)hi.is), nú á eftirlaunum, varði mestum hluta starfsævi innar innan uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands. Hann tók virkan þátt í menntun framhaldsskólakennara um langt árabil og hefur skrifað um marga þætti skólamála, m.a. um framhaldsskólástigið. Sjá nánar á vefsíðu <https://jtj.hi.is/> Sá texti sem hér birtist er byggður á erindi sem hann hélt á degi starfsþróunar í framhaldsskólum í febrúar 2026.

SKÓLAPRÆÐIR

Grein birt 22. apríl 2026